

**Ed.**

**16. Frumvarp til laga**

[16. mál]

um verðjöfnunargjald af raforku.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979.)

**1. gr.**

1. gr. laga nr. 83/1974 orðast þannig:

Greiða skal 19% verðjöfnunargjald í Orkusjóð af seldri raforku á síðasta stigi viðskipta, þ. e. sölu til notenda, en notandi telst sá, sem endurselur ekki raforkuna. Verðjöfnunargjaldinu skal varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Rafmagnsveitur ríkisins skulu fá sem svarar 80% af tekjum af verðjöfnunargjaldi, en Orkubú Vestfjarða 20%.

**2. gr.**

Í stað „1975“ í 16. gr. l. nr. 83/1974 kemur „1980“.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Frumvarp þetta felur í sér framlengingu um 1 ár á gildistíma laga um verðjöfnunargjald af raforku. Gjaldinu er skipt á sama hátt og ákveðið var í l. nr. 6/1979 milli Rafmagnsveitna ríkisins, sem fá 80%, og Orkubús Vestfjarða, sem fær 20%.

Gjaldið er nauðsynlegt til þess að bæta úr fjárhagsörðugleikum fyrirtækjanna og til þess að hamla gegn hinum mikla mun á raforkuverði í landinu, sem bitnar mest á viðskiptavinum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða.

Með l. nr. 85/1975 var gildistími l. nr. 83/1974 framlengdur til 31. desember 1976; með l. nr. 114/1976 til 31. desember 1977; með l. nr. 71/1977 til 31. desember 1978; með brbl. nr. 122/1978 til 31. desember 1979 og með l. nr. 6/1979 til sama tíma og þá hækkaði gjaldið jafnframt úr 13% í 19%.